



**Bæjarstjórnarþing Barra**  
**17.12.2016**

**13.1.2017**

Á bæjarstjórnarþing Barra mættu 20 viðmælendur með 34 erindi, en þar af voru 6 erindi sem send verða á forstöðumann Vegagerðarinnar á Austurlandi.

Hér fyrir neðan er að finna þessi erindi og svör Umhverfis- og framkvæmdarnefndar við þeim.

Nr.	Erindi/spurningar:	Svör
1	<b>Erindi:</b> Mötuneytismál / Hringtorg á Hömrum / Leiksvæði á Suðursvæði Hringtorgið innst á Hömrum var á áætlun ársins. Búið er að kaupa efni samkvæmt hans bestu vitneskju. Á ekki að fara í verkið?	Viðmælandi hefur rétt fyrir sér, til stóð að helluleggja hringtorgið innst í Hömrum. Hellurnar sem ætlað var í verkið voru keyptar á árinu 2016. Því miður gafst ekki tími til að fara í verkið á liðnu ári. Hringtorgið í enda Hamra er á verkefnaáætlun Þjónustumiðstöðvarinnar fyrir vorverk 2017.
2	Á suðursvæði eru leiksvæði á skipulagi, en ekki búið að klára. Þessu þarf að kippa í liðinn.	Nefndin tekur undir erindi viðmælanda.
3	Ónýtir bílar á lóðum – Hvernig hyggst bæjarfélagið bregðast við?	Undanfarin ár hefur sveitarfélagið í samstarfi við HAUST auglýst í viðlesnum blöðum innan sveitarfélagsins þar sem brýnt er fyrir eigendum slíkra lausamuna að fjarlægja þá sem allra fyrst. Auk þess fer starfsmaður sveitarfélagsins með starfsmanni HAUST í reglulegar eftirlitsferðir um sveitarfélagið þar sem viðvörðun er veitt þar sem brot eiga sér. Að lokum er lausaféð fjarlægt verði eigandi ekki við úrbótum.
4	<b>Erindi:</b> Skipulagsmál og framkvæmdir Hver er staðan gagnvart skipulagi gatna utan þess svæðis sem byggt hefur verið, t.d. utan við Eyvindarár	Óskað er eftir frekari upplýsingum varðandi þetta innsenda erindi.
5	Gangstéttamál – Hverjar eru horfur með áframhaldandi framkvæmdir?	Ár hvert er bæði um nýframkvæmdir og viðhald gatnakerfisins að ræða og eru því horfur um áframhaldandi framkvæmdir góðar þó frekari fjármagns er þörf.
6	Hringtorgið innst í Hömrum?	Hringtorgið innst í Hömrum er á verkefnisáætlun Þjónustumiðstöðvarinnar fyrir vorið 2017.
7	<b>Erindi:</b> Vegur í Fjallssel Þarf að laga veginn í Fjallssel; Mikil umferð á sumrin og notað sem leið inn á heiði vegna smalamennsku, hreindýraveiða og svo á einni gönguleið Ferðafélagsins (við Rangá)	Erindið skráð á verkefnislista yfir styrkvegi sem sótt verður um vorið 2017.
8	<b>Erindi:</b> Snjómokstur í dreifbýli	Lagt er til að Skipulags- og byggingarfulltrúa og forstöðumanni Þjónustumiðstöðvar sé falin úrlausn á þessu erindi.
9	Ekki enn búið að ganga frá samningum við bændur um að sjá um snjómokstur í dreifbýlinu. Ár eftir ár er talað um að gera þetta og svo gerist þetta ekki. Það þarf að finna þennan flöskuháls í kerfinu og víkka hann.	
10	<b>Erindi:</b> Plan við hliðina á Hamrahlíð 3 Ósk um að framkvæmd frá því í sumar verði klárud (málbika). Hluti tilheyrir Hamrahlíð 3 og eru íbúar þar tilbúnir til að sjá um kostnað vegna síns hluta.	Götuendi Hamrahlíðar er á verkefnislista fyrir sumarið 2017.



- Erindi:**  
Skipulagsmál vegna Eyvindarár og bil á handriði yfir Eyvindará
- 11 Skipulagsmál vegna Eyvindará. Óskar eftir stuðningi við erindi sem lagt fram á samráðsfundi fyrr í morgun. Erindið er í vinnslu hjá nefndinni.
- 12 Bil í handriði á Eyvindarárbrú þeim megin sem gangbrautin er sem gæti skapað hættu ef vegfarendur á reiðhjólum detta (börn sem fullorðnir). Vegagerðin Nefndin felur Skipulags- og byggarfulltrúa að koma erindi á forstöðumann Vegagerðarinnar á Austurlandi.
- Erindi:**  
Lóðarúthlutanir í Fellabæ
- 13 Fá skýringar á því hvers vegna lóðir sem skipulagðar hafa verið koma ekki fram á lista yfir lausar lóðir sem settur er inn á heimasíðu sveitarfélagsins. Deiliskipulag fyrir umrætt svæði er í endurskoðun og verða lóðirnar settar á lista yfir lausar lóðir að lokinni endurskoðun og auglýsingu á breyttu deiliskipulagi.
- 14 Á að auglýsa á þessari eða næstu öld? Til stendur að setja breytt deiliskipulag í kynningarferli sem allra fyrst og lóðirnar auglýstar að því ferli loknu.
- 15 Hitaveitulagnir eru til staðar og búið er að fjárfesta þónokkuð en ekki virðist vera vilji til að nýta fjárfestingu. Því miður hefur sala lóða á umræddu svæði ekki gengið eftir og sökum þess ákvað nefndin að ráðast í breytingu á deiliskipulagi í þeirri von um að kaupendur hafi áhuga á þeim lóðum. Vilji sveitarfélagsins er því ekki til umræðu.
- Erindi:**  
Göngubekkir
- 16 Vantar almennt fleiri bekkir vegna m.a. þeirra sem eiga erfitt með gang. Nefndin tekur undir framlagt erindi.
- 17 Annars gott að búa hér (flutti hingað fyrir tveimur árum frá Reykjavík).
- Erindi:**  
Lýsing og gangstéttir
- 18 Leiðin frá N1 að Húsasmiðjunni er illa upplýst (þjóðvegurinn) Nefndin felur Skipulags- og byggarfulltrúa að koma erindi á forstöðumann Vegagerðarinnar á Austurlandi.
- 19 Gangstéttir vantar í suðurhverfið (Bláagerði m.m.) Nefndin tekur undir erindi viðmælanda.
- Erindi:**  
Túristagisting
- 20 Er ósáttur við að slíkt eigi sér stað í íbúðarhverfum né í fjölbýli. Sambærilegt erindi hefur verið til umfjöllunar í Umhverfis- og framkvæmdanefnd sem er ólokið, málnúmer þess er: 201506116
- (Eign). Auglýst inn á Airbnb frá maí, í 5 mánuði og ekkert leyfi. Sveitarfélagið er hvorki leyfisveitandi né eftirlitsaðili slíkra starfsstöðva. Nefndin vill brýna fyrir fólki að sé grunur um slíkan óleyfis rekstur skal hann tilkynntur til lögreglu og sýslumanns. Umrædd auglýsing vegna íbúðarhúsnæðis hefur þegar verið tilkynnt til lögreglu og sýslumanns og er í úrvinnslu þar.
- Erindi:**  
Bílastæði við tannlæknastofu
- 21 Útkeyrsla af bílastæði við tannlæknastofu við Miðgarð er hættuleg Nefndin vann að breytingum á Auglýsingu um Umferð í Fljótshéraði og er sú vinna í úrvinnslu hjá lögregluembættinu á Austurlandi, þar sem til stendur að auglýsa hana að nýju í B-deild stjórnartíðinda. Að fenginni staðfestingu verður hægt að ráðast í umbætur á nefndum gatnamótum. Til stendur að fara í framkvæmdir sumarið 2017.
- Erindi:**  
Svæðið við gömlu símstöðina – Láta hanna trjáþorp sem gæti verið markaðssvæði og samkomusvæði m.m. Hugmynd viðmælanda móttokin.



- Erindi:**  
Umferðaröryggi við Einhleyping og umhverfismál við Dalbrún
- 23 Íbúi bendir á að umferðarhraði sé hættulega mikill á Einhleypingi. Þyrfti að laga götuna þannig að hraði sé minni (ætti að vera 30/50km vegna nálægðar við skólann)
- 24 Lúpína hefur vaxið óáreitt á opnu svæði og fer nú inn á lóðir við Dalbrún. Íbúi bendir á að það þarf að slá lúpínuna svo hún breiði ekki meira úr sér – og losna við hana af þessu svæði.
- Erindi:**  
Brekkuasel
- 25 Íbúi bendir á að hægt væri að útbúa gestabílastæði með því að setja niður mottur sem hægt er að keyra niður í jarðveginn sem fyrir er.  
– Lausn sem er notuð á Akureyri.
- Erindi:**  
Útskot á vegi
- 26 Útskot á vegi innan við Blöndubakka til að taka myndir af gömlu Jökulsárbrúnni. Vegagerðin
- Erindi:**  
Almenningsbílastæði í Selbrekku
- 27 Lítið um bílastæði í nokkrum götum í Selbrekkunni og spurning hvort ekki þarf að bregðast við þessu með almenningsbílastæði t.d. á svæðinu milli Fagradalsbrautar og Selbrekku
- Erindi:**  
Fimleikahús og ruslatunnur
- 28 Fjölga ruslatunnur í bænum.  
– Þurfa vera víðar og sýnilegar.  
– Hefur jákvæð áhrif varðandi almennt umgengi og þrif.
- 29 Hægt væri að semja við félagasamtök eða íbúa um að fósra tunnur.
- Erindi:**  
Gangbraut á Selbrekkuleið
- 30 Lýsingu ábótavant og rétt að setja um takkaljós Vegagerðin
- 31 Hliðin á gangstíggunum eru opnuð vegna snjómoksturs og er þeim ekki lokað aftur. Þetta skapar bæði hættu og líkur á að stígarnir verði nýttir undir akandi umferð.
- 32 Lækka umferðarhraða á Eiðaveginum þegar komið er frá Eyvindará. Fara í framkvæmdir sem leiðir þetta af sér  
Vegagerðin
- Erindi:**  
Lýsing á göngustíg
- 33 Göngustígur við Skógarsel, vantar ljósastaur.
- Erindi:**  
Lýsing á gangbrautum
- 34 Gangbraut þar sem farið er upp í Selbrekku, lýsing er ábótavant. Hefur kvartað áður.  
Vegagerðin
- Vinna við umferðaröryggisáætlun stendur nú yfir, erindi sent á ráðgjafa sveitarfélagsins við vinnu á umferðaröryggisáætlun. Umrædd gata er 50km/h, sjá Auglýsingu um Umferð í Fljótsdalshéraði.
- Erindi sent á verkefnisstjóra Umhverfismála til úrvinnslu.
- Nefndin tekur undir erindi viðmælanda, en til stendur að nota slíka lausn við gerð bílastæða meðfram Tjarnarbrautinni 2017.
- Nefndin felur Skipulags- og byggarfulltrúa að koma erindi á forstöðumann Vegagerðarinnar á Austurlandi.
- Fjöldi gestastæða í Selbrekkuhverfinu er sem hér segir:  
10 stæði í Selbrekku (norðaustan).  
10 stæði í Selbrekku (vestast).  
8 stæði í Egilsseli.  
7 stæði í Skógarseli.  
Þessi stæði eru öll utan lóða.  
Samþykkt deiliskipulag fyrir Selbrekkuhverfið gerir ekki ráð fyrir frekari stæðum utan lóða og endurskoðun á deiliskipulagi er ekki áætlað fyrir 2017.
- Samþykkt var í Umhverfis- og framkvæmdanefnd að fjölga ætti ruslatunnur í þéttbýli Egilsstaða og Fellabæjar undir máli nr. 20160513. Unnið er eftir þeirri áætlun áfram á árinu 2017. Einnig er unnið að því að koma staðsetningu ruslatunna inn í kortasjá Fljótsdalshéraðs.
- Nefndin þakkar fyrir hugmynd viðmælanda.
- Aukið var við lýsingu inn í Selbrekkuhverfið frá gangbraut yfir Seyðisfjarðarveg.  
Að auki er Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að koma athugasemd / erindi áfram á forstöðumann Vegagerðarinnar á Austurlandi.
- Brýnt þykir að hliðin séu opin fyrir vinnuvélar sem kynnu að þurfa aka um stíga til snjómoksturs.
- Nefndin felur Skipulags- og byggingarfulltrúa að koma erindi á forstöðumann Vegagerðarinnar á Austurlandi.
- Nefndin óskar eftir frekari upplýsingum varðandi erindið.
- Aukið var við lýsingu inn í Selbrekkuhverfið frá gangbraut yfir Seyðisfjarðarveg.  
Að auki er Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að koma athugasemd / erindi áfram á forstöðumann Vegagerðarinnar á Austurlandi.